

ÁKVÖRÐUN EVRÓPUÞINGSINS OG RÁÐSINS nr. 791/2004/EB
frá 21. apríl 2004

um aðgerðaáætlun Bandalagsins til styrktar aðilum sem starfa að menntun og starfsþjálfun í Evrópu og til stuðnings sérstakri starfsemi á því sviði

EVROPUÞINGIÐ OG RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HAFU,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins, einkum 4. mgr. 149. gr. og 4. mgr. 150. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar,

með hliðsjón af álit efnahags- og félagsmálanefndar Evrópubandalaganna ⁽¹⁾,

að höfðu samráði við svæðanefndina,

í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 251. gr. sáttmálans ⁽²⁾,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Í sáttmálanum er kveðið á um að Bandalagið skuli stuðla að þróun góðrar menntunar með því að styðja og auka við aðgerðir aðildarríkjanna, koma í framkvæmd starfsmenntastefnu, sem styður og kemur til viðbótar aðgerðum aðildarríkjanna, og hlúa að samstarfi við þriðju lönd.
- 2) Í Laeken-yfirlýsingunni, sem fylgir með í viðauka við ályktanir leiðtoga ráðsins frá 14. og 15. desember 2001, er því haldið fram að eitt grundvallarviðfangsefnið, sem Evrópusambandið verði að finna lausn á, sé með hvaða hætti megi færa borgarana nær stefnumiðum og stofnunum Evrópu.
- 3) Í ítarlegri vinnuáætlun um eftirfylgd markmiða mennta- og þjálfunarkerfa í Evrópu ⁽³⁾, sem ráðið samþykkti 14. júní 2002, er sett fram starfsáætlun sem krefst stuðnings á vettvangi Bandalagsins.

4) Í yfirlýsingu Evrópusambandsins, sem gefin var út í Vínarborg 10. desember 1998 í tilefni þess að þá voru liðin 50 ár frá útgáfu almennu mannréttinda-yfirlýsingarinnar, segir að Evrópusambandið skuli þróa áfram samstarf á sviði mannréttinda, s.s. varðandi menntun og starfsþjálfun, í samráði og samvinnu við aðrar víðeigandi stofnanir og tryggja að framhald verði á evrópsku meistaranámi á sviði mannréttinda og lýðræðisþróunar sem 15 evrópskir háskólar standa að.

5) Í niðurstöðum fundar leiðtoga ráðsins í Köln 4. júní 1999 segir að huga þurfi betur að öryggi fjárlaga til að evrópskt meistaranám á sviði mannréttinda og lýðræðisþróunar verði varanlegra og samfeldara.

6) Liðir A-3010 og A-3011, A-3012, A-3013, A-3014, A-3017, A-3022, A-3027, A-3044, B3-1000 og B3-304 á fjárlögum Evrópusambandsins fyrir fjárhagsárið 2003 og fyrri fjárhagsár hafa sannað gildi sitt á sviði menntunar og starfsþjálfunar.

7) Evrópuháskólinn (e. College of Europe), sem býður framhaldsnám á háskólastigi í lögfræði, hagfræði, stjórnmálafræði, félagsvísindum og hugvísindum með tilliti til Evrópuþáttarins, Háskólastofnun Evrópu (e. European University Institute), sem stuðlar að viðgangi evrópskrar arfleifðar á sviði menningar og vísinda með rannsóknnum og kennslu á háskólastigi, Evrópustofnun í opinberri stjórnsýslu (e. European Institute of Public Administration), sem hjálpar opinbera starfsmenn einstakra ríkja og Evrópusambandsins í því er lýtur að samrunanum í Evrópu, Trier-stofnunin í Evrópurétti (e. Academy of European Law in Trier), sem veitir lögfræðingum og öðrum, sem þurfa að nýta sér þekkingu á því sviði Evrópuréttar, þjálfun á háskólastigi, Mannréttinda- og lýðræðisþróunarmiðstöð evrópskra háskóla (e. European Inter-University Centre for Human Rights and Democratisation), sem býður nám til evrópskrar meistaraáætlunar og starfstengt framhaldsnám og sinnir annarri kennslu, þjálfun og rannsóknum til eflingar mannréttindum og lýðræðisþróun, Evrópumíðstöð fyrir þróun í sérkennslu (e. The European Agency for Development in Special Needs Education), sem vinnur að bættari menntun námsmanna með sérþarfir og að eflingu sjálfbærrar samvinnu á þessu sviði í Evrópu, og Alþjóðleg miðstöð starfsþjálfunar í Evrópu (e. International Centre for European Training), sem sinnir kennslu, þjálfun og rannsóknum í málefnum sem varða evrópuvæðingu, hnattvæðingu, sambandsríkisstefnu, áttahagastefnu og umbreytingar á félagsgerð samtímans, eru aðilar sem vinna að markmiðum í þágu almennra evrópskra hagsmuna.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB C 32, 5.2.2004, bls. 52.

⁽²⁾ Álit Evrópuþingsins frá 6. nóvember 2003 (hefur enn ekki verið birt í Stjórnartíðindum ESB). Sameiginleg afstaða ráðsins frá 22. desember 2003 (Stjtið. ESB C 72 E, 23.3.2004, bls. 19), afstaða Evrópuþingsins frá 10. mars 2004 (hefur enn ekki verið birt í Stjórnartíðindum ESB) og ákvörðun ráðsins frá 30. mars 2004.

⁽³⁾ Stjtið. EB C 142, 14.6.2002, bls. 1.

- 8) Aukin þörf er á því að innlendir dómara fái þjálfun í að beita lögum Bandalagsins og að Bandalagið styðji slíka þjálfun, einkum eftir samþykkt reglugerðar ráðsins (EB) nr. 1/2003 frá 16. desember 2002 um framkvæmd samkeppnisreglna sem mælt er fyrir um í 81. og 82. gr. sáttmálans ⁽¹⁾, en samkvæmt henni fá innlendir dómstólar auknar heimildir til að beita þessum ákvæðum sáttmálans.
- 9) Samkvæmt reglugerð ráðsins (EB, KBE) nr. 1605/2002 frá 25. júní 2002 um fjárhagsreglugerðina sem gildir um fjárlög Evrópubandalaganna ⁽²⁾, hér á eftir nefnd „fjárhagsreglugerðin“, er þörf á að setja grundvallarlöggjöf sem taki til þessara fyrirbyggjandi stuðningsaðgerða.
- 10) Evrópuþingið, ráðið og framkvæmdastjórnin skuldbundu sig, þegar fjárhagsreglugerðin var samþykkt, að tryggja að þessi grundvallarlög tækju gildi frá og með fjárhagsárinu 2004; Framkvæmdastjórnin skuldbatt sig, í tengslum við framkvæmdina, til að taka tillit til athugasemdanna sem skráðar voru í fjárhagsáætlunina.
- 11) Nauðsynlegt er að sjá til þess að stofnanir, sem notið hafa fjárhagslegs stuðnings Bandalagsins á umliðnum árum, búi við nægilegan stöðugleika og samfelldni í fjárveitingum, með fyrirvara um fjárhagsreglugerðina og reglur um framkvæmd hennar.
- 12) Séð skal til þess að landfræðilega nái áætlunin til inn-gönguríkjanna og hugsanlega, að því er varðar sumar aðgerðir, til EFTA-landanna innan EES og til umsóknarlandanna.
- 13) Öll fjármögnun með ríkisfjármunum, sem ekki er á vegum Bandalagsins, skal uppfylla ákvæði 87. og 88. gr. sáttmálans.
- 14) Í þessari ákvörðun er mælt fyrir um fjárhagsramma sem gildir meðan áætlunin varir og er helsta viðmiðun fjárveitingavaldsins við árlega fjárlagagerð í skilningi 33. liðar samstarfssamnings frá 6. maí 1999 milli stofnana Evrópuþingsins, ráðsins og framkvæmdastjórnarinnar um eftirlit með fjárlögum og endurbætur á afgreiðslu fjárlaga ⁽³⁾.
- 15) Allur stuðningur, sem veittur er samkvæmt þessari ákvörðun, skal í einu og öllu vera í samræmi við dreifræðis- og meðalhófsregluna.

SAMÞYKKT ÁKVÖRÐUN ÞESSA:

1. gr.

Markmið áætlunarinnar og starfsemi

1. Með þessari ákvörðun er komið á fót aðgerðaáætlun Bandalagsins á sviði menntunar og starfsþjálfunar (hér á eftir nefnd „áætlunin“) til stuðnings aðilum sem með starfsemi sinni leitast við að auka og dýpka þekkingu manna á samrunaþróun Evrópu eða að stuðla að því að markmið sameiginlegrar stefnu á sviði menntunar og starfsþjálfunar nái fram að ganga, innan Bandalagsins sem utan.

2. Almenn markmið þessarar áætlunar er að styrkja aðgerðir aðila sem starfa að menntun og starfsþjálfun.

Eftirfarandi starfsemi fellur undir áætlunina:

a) yfirstandandi vinnuáætlun aðila sem starfar á evrópskum vettvangi eða á alþjóðavettvangi og vinnur að markmiði í þágu almennra evrópskra hagsmuna á sviði menntunar og starfsþjálfunar eða að markmiði sem er hluti af stefnu Evrópusambandsins á þessu sviði,

b) sértæk aðgerð sem styður aðgerðir Evrópusambandsins á þessu sviði, miðlar upplýsingum um samrunann í Evrópu og um markmið Evrópusambandsins í alþjóðasamskiptum eða styður aðgerðir Bandalagsins og miðlar þeim til aðila á innlendum vettvangi.

Þessi starfsemi skal nánar tiltekið stuðla, eða geta stuðlað, að þróun og framkvæmd á samstarfsáætlunum Bandalagsins og aðgerðum á sviði menntunar og starfsþjálfunar.

⁽¹⁾ Stjtið. EB L 1, 4.1.2003, bls. 1.

⁽²⁾ Stjtið. EB L 248, 16.9.2002, bls. 1.

⁽³⁾ Stjtið. EB C 172, 18.6.1999, bls. 1. Samkomulaginu var síðast breytt með ákvörðun Evrópuþingsins og ráðsins 2003/429/EB (Stjtið. ESB L 147, 14.6.2003, bls. 25).

3. Áætlunin hefst 1. janúar 2004 og lýkur 31. desember 2006.

4. gr.

2. gr.

Val á styrkþegum

Þátttaka í áætluninni

Til að teljast hæfur til að fá styrk skal aðili uppfylla kröfurnar í viðaukanum, auk eftirfarandi skilyrða:

- a) hann skal vera óháður lögaðili sem ekki er rekinn í hagnaðarskyni og starfar aðallega á sviði menntunar og starfsþjálfunar að markmiði í almannaþágu,
- b) hann skal hafa haft lagalega staðfestu lengur en í tvö ár og skal löggiltur endurskoðandi hafa vottað ársreikninga hans fyrir næstliðin tvö ár,
- c) starfsemi hans verður að vera í samræmi við meginreglurnar sem liggja að baki Bandalagsaðgerðum á sviði menntunar og starfsþjálfunar og taka mið af þeim forgangsatriðum sem sett eru fram í viðaukanum. Í undantekningartilvikum er framkvæmdastjórninni heimilt að veita undanþágu frá kröfum b-liðar fyrri málsgreinar svo fremi það tefli fjárhagslegum hagsmunum Bandalagsins ekki í tvísýnu.

3. gr.

Þátttaka þriðju landa

Heimila má þátttöku í aðgerðum áætlunarinnar aðilum sem eru með staðfestu:

- a) í inngönguríkjunum sem skrifuðu undir aðildarsáttmálann 16. apríl 2003,
- b) í EFTA-löndunum innan EES í samræmi við skilyrðin sem mælt er fyrir um í EES-samningnum,
- c) í Rúmeníu og Búlgaríu en mæla skal fyrir um skilyrði fyrir þátttöku þeirra í samræmi við Evrópusamningana, viðbótarbókanir við þá og ákvarðanir viðkomandi samstarfsráða,
- d) í Tyrklandi en mæla skal fyrir um skilyrði fyrir þátttöku þess í samræmi við rammasamninginn milli Evrópu-bandalagsins og Lýðveldisins Tyrklands frá 26. febrúar 2002 um almennar meginreglur um þátttöku Lýðveldisins Tyrklands í áætlunum Bandalagsins ⁽¹⁾.

Áætlunin tekur til tveggja hópa styrkþega:

- a) 1. hópur: veita skal rekstrarstyrki beint til styrkþeganna sem tilgreindir eru með nafni í 2. lið í viðaukanum,
- b) 2. hópur: stuðningur við evrópsk samtök sem starfa á sviði menntunar og starfsþjálfunar, stuðningur við framhaldsmenntun í því er lýtur að samrunanum í Evrópu, þ.m.t. kennarastöður kenndar við Jean Monnet, stuðningur við starfsemi sem stuðlar að því að framtíðarmarkmið menntunar og starfsþjálfunarkerfanna í Evrópu nái fram að ganga og stuðningur við þjálfun innlendra dómara á sviði Evrópuréttar og við stofnanir sem sinna samvinnu dómstóla. Styrkþegar eru valdir að undangenginni auglýsingum eftir tillögum, í samræmi við heildarviðmiðanirnar sem mælt er fyrir um í viðaukanum.

5. gr.

Styrkveiting

Styrkir, sem falla undir mismunandi aðgerðir áætlunarinnar, skulu veittir í samræmi við ákvæðin sem sett eru fram í viðkomandi hluta viðaukans.

6. gr.

Fjárhagsákvæði

1. Fjárhagsramminn til að hrinda þessari áætlun í framkvæmd, á því tímabili sem er tiltekið í 3. mgr. 1. gr., er 77 milljónir evra.
2. Árlegar fjárveitingar skulu háðar samþykki fjárveitingavaldsins og rúmast innan ramma fjárhagsáætlunarinnar.

7. gr.

Framkvæmd

Framkvæmdastjórnin ber ábyrgð á framkvæmd þessarar áætlunar í samræmi við ákvæðin sem sett eru fram í viðaukanum.

8. gr.

Eftirlit og mat

1. Framkvæmdastjórnin skal, eigi síðar en 31. desember 2007, leggja fyrir Evrópuþingið og ráðið skýrslu um hvernig miðar að ná markmiðum áætlunarinnar.

⁽¹⁾ Stjútíð. EB L 61, 2.3.2002, bls. 29.

Þessi skýrsla skal m.a. byggjast á matsskýrslu utanaðkomandi aðila sem skal liggja fyrir eigi síðar en í lok ársins 2006, en í henni skal a.m.k. lagt mat á heildarvægi og samfellu áætlunarinnar, skilvirkni í útfærslu hennar (undirbúningur, val, framkvæmd aðgerða) og skilvirkni hinna ýmsu aðgerða, í heild eða hverrar fyrir sig með tillit til þess hvort markmiðunum, sem sett eru í 1. gr. og í viðaukanum, er náð.

Framkvæmdastjórnin skal auk þess senda Evrópuþinginu og ráðinu árlega skýrslu um framkvæmd áætlunarinnar.

2. Evrópuþingið og ráðið skulu taka ákvörðun um hvert framhald verður á áætluninni frá 1. janúar 2007.

9. gr.

Gildistaka.

Ákvörðun þessi öðlast gildi daginn eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Gjört í Strassborg 21. apríl 2004.

Fyrir hönd Evrópuþingsins,

P. COX

forseti.

Fyrir hönd ráðsins,

D. ROCHE

forseti.

VIÐAUKI

1. INNGANGUR

Markmiðunum, sem mælt er fyrir um í 1. gr., skal náð með aðgerðunum sem lýst er í þessum viðauka. Í þessum viðauka er fjallað um tvær megingundir aðgerða:

- fyrsta tegundin, aðgerðir 1 og 2, miðar að því að styðja tiltekna stofnanir og valin samtök sem starfa á sviði menntunar og starfsþjálfunar á Evrópskum vettvangi,
- hin tegundin, aðgerð 3, miðar að því að styðja tiltekna starfsemi eða verkefni, með áherslu á samrunaþróun Evrópu (aðgerð 3A), eða að styðja þau stefnumál Evrópusambandsins á sviði menntunar og starfsþjálfunar sem heyrja ekki undir áætlanir Bandalagsins á þessu sviði (aðgerð 3B) eða að efla þjálfun á sviði Evrópuréttar, einkum meðal innlendra dómara (aðgerð 3C).

2. FRAMKVÆMD ÞEIRRAR STARFSEMI SEM STYRKT ER

Starfsemin, sem fer fram hjá aðilunum sem eru hæfir til að hljóta fjárstuðning Bandalagsins samkvæmt áætluninni, heyrir undir eitt af eftirfarandi sviðum:

Aðgerð 1: Stuðningur við tilgreindar stofnanir sem starfa á sviði menntunar og starfsþjálfunar

Heimilt er að veita styrki innan ramma þessarar aðgerðar áætlunarinnar til tiltekinna kostnaðarþátta vegna rekstrar og stjórnsýslu eftirtalinna stofnanna sem vinna að markmiðum í þágu almennra evrópskra hagsmuna og starfa á eftirfarandi sviðum:

- Evrópuháskólinn (í Brugge og Natolin), sem býður framhaldsnám á háskólastigi í lögfræði, hagfræði, stjórnmálafræði, félagsvísindum og hugvísindum með tilliti til Evrópuþáttarins,
- Háskólastofnun Evrópu í Flórens, sem stuðlar að viðgangi evrópskrar arfleifðar á sviði menningar og vísinda með rannsóknum og kennslu á háskólastigi,
- Evrópustofnun í opinberri stjórnsýslu í Maastricht, sem hjálfar embættismenn einstakra ríkja og Evrópusambandsins þannig að þeir geti gegnt skyldum sínum í því er lýtur að samrunanum í Evrópu,
- Trier-stofnunin í Evrópurétti, sem sinnir símenntun lögfræðinga í Evrópurétti og annarra sem þurfa að nýta sér þekkingu á því sviði, á háskólastigi
- Mannréttinda- og lýðræðisþróunarmiðstöð evrópskra háskóla, sem mun áfram bjóða nám til evrópskrar meistara-gráðu á sviði mannréttinda og lýðræðisþróunar og starfstengt nám fyrir nemendur á æðri námsstigum og sinnir annarri kennslu, þjálfun og rannsóknum sem stuðla að eflingu mannréttinda og lýðræðisþróun,
- Evrópumíðstöð fyrir þróun í sérkennslu, sem vinnur að bættri sérkennslu og að því að koma á viðtækri og varanlegri samvinnu á þessu sviði í Evrópu,
- Alþjóðleg miðstöð starfsþjálfunar í Evrópu (e. International Centre for European Training), sem sinnir námi, kennslu, þjálfun og rannsóknum í málefnum sem varða evrópuvæðingu, hnattvæðingu, sambandsríkisstefnu, áttahastefnu og umbreytingar á félagsgerð samtímans, frá sjónarhóli þeirra sem aðhyllast sambandsríki á heimsvísu.

Framkvæmdastjórninni er heimilt að veita framangreindum stofnunum styrki, að fenginni viðeigandi vinnu- og fjárhagsáætlun. Heimilt er að veita styrki annaðhvort árlega eða á endurnýjanlegum grundvelli, innan ramma samstarfs-samnings við framkvæmdastjórnina.

Styrkir, sem veittir eru innan ramma þessarar aðgerðar áætlunarinnar, skulu ekki lúta meginreglunni um lækkun í áföngum sem sett er fram í 2. mgr. 113. gr. fjárhagsreglugerðarinnar.

Starfsemi þeirra stofnana, sem njóta stuðnings innan ramma þessarar aðgerðar, getur farið fram hvort heldur innan eða utan Evrópusambandsins.

Þeir fjármunir sem fara til aðgerðar 1 skulu nema í mesta lagi 65% en minnst 58% af heildarfjárveitingu til þessarar áætlunar.

Aðgerð 2: Stuðningur við evrópsk samtök sem starfa á sviði menntunar og starfsþjálfunar

Heimilt er að veita styrki innan ramma þessarar aðgerðar áætlunarinnar til tiltekinna kostnaðarþátta vegna rekstrar og stjórnsýslu evrópskra samtaka sem starfa á sviði menntunar og starfsþjálfunar og uppfylla þau lágmarksskilyrði:

- að vera aðili sem vinnur að markmiðum í þágu almennra evrópskra hagsmuna í skilningi 162. gr. framkvæmdarreglna fjárhagsreglugerðarinnar sem mælt er fyrir um í reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB, KBE) nr. 2342/2002 ⁽¹⁾,
- að starfa á sviði menntunar og starfsþjálfunar, á evrópskum vettvangi og vinna að skýrum og vel skilgreindum markmiðum sem mælt er fyrir um í opinberum stofnsamþykktum þeirra,
- að vera með aðildarfélög í a.m.k. 12 aðildarríkjum Evrópusambandsins,
- að vera samsett úr landssamtökum, svæðis- eða staðbundnum samtökum,
- að hafa aðsetur og réttarstöðu lögaðila í einhverju aðildarríki Evrópusambandsins og
- sinna meirihluta starfsemi sinnar í aðildarríkjum Evrópusambandsins, í löndum á Evrópska efnahagssvæðinu og/eða í umsóknarlöndunum. Styrkir verða veittir innan ramma þessarar aðgerðar að undangengnu vali milli tillagna sem lagðar hafa verið fram eftir birtingu auglýsinga, einnar eða fleiri. Styrkur Bandalagsins verður ekki hærrí en sem nemur 75% af styrkhæfum kostnaði, sem tilgreindur er í samþykktri vinnuáætlun samtakanna.

Heimilt er að veita styrki annaðhvort árlega eða á endurnýjanlegum grundvelli, innan ramma samstarfssamnings við framkvæmdastjórnina. Styrkir, sem veittir eru innan ramma þessarar aðgerðar, skulu ekki lúta meginreglunni um lækkun í áföngum sem sett er fram í 2. mgr. 113. gr. fjárhagsreglugerðarinnar. Þeir fjármunir sem veittir eru innan ramma aðgerðar 2 skulu í hæsta lagi nema 4% af heildarfjárveitingu til þessarar áætlunar.

Aðgerð 3a: Stuðningur við starfsemi á sviði æðri menntunar í málefnum sem tengjast samrunanum í Evrópu, þ.m.t. við kennarastöður kenndar við Jean Monnet

Þessi aðgerð lýtur að starfsemi til eflingar aðgerðum Evrópusambandsins á sviði æðri menntunar og vekur aðila sem starfa á því sviði til vitundar um samrunann í Evrópu og um markmið Evrópusambandsins í alþjóðasamskiptum eða styður aðgerðir Bandalagsins og miðlar þeim til aðila á innlendum vettvangi.

Starfsemi, sem nýtur stuðnings innan ramma þessarar aðgerðar, getur farið fram í löndum innan sem utan Evrópusambandsins.

⁽¹⁾ Stjtið. EB L 357, 31.12.2002, bls. 1.

Í samræmi við 2. gr. ákvörðunarinnar er hér einkum átt við eftirfarandi:

- að koma á námi í háskólum, í fræðum sem fjalla um samrunann í Evrópu,
- stofnun landssamtaka kennara sem eru sérhæfðir í fræðum um samrunann í Evrópu og stuðningur við þau
- að hvetja til umhugsunar og umræðna um samrunaþróun Evrópu,
- að efla fræðilegar rannsóknir á forgangsmálum ESB, s.s. framtíð Evrópu eða skoðanaskiptum milli þjóða og menningarsamfélaga, þ.m.t. rannsóknir ungra fræðimanna.

Styrkir verða veittir innan ramma þessarar aðgerðar að undangengnu vali milli tillagna sem lagðar hafa verið fram eftir birtingu auglýsinga, einnar eða fleiri. Styrkur Bandalagsins verður ekki hærri en sem nemur 75% af styrkhæfum kostnaði við þá starfsemi sem ákveðið hefur verið að fjármagna í þessari aðgerð.

Þeir fjármunir sem veittir eru innan ramma aðgerðar 3A skulu í hæsta lagi nema 24% en minnst 20% af heildarfjárveitingu til þessarar áætlunar.

Aðgerð 3B: Stuðningur við starfsemi sem stuðlar að því að framtíðarmarkmið menntunar- og þjálfunarkerfa í Evrópu nái fram að ganga

Aðgerð 3B miðar að stuðningi, framkvæmd, vitundarvakningu og kynningarstarfsemi varðandi eftirfylgd þriggja markmiða mennta- og starfsþjálfunarkerfa í Evrópu sem leiðtogaáætlun samþykkti að stefnt skuli að fyrir árið 2010 (1):

- að gera mennta- og starfsþjálfunarkerfin í Evrópusambandinu betri og skilvirkari,
- að auðvelda aðgang allra að menntunar- og starfsþjálfunarkerfum,
- að opna mennta- og starfsþjálfunarkerfi fyrir umheiminum,

og þau 13 undirmarkmið sem tengjast þeim. Í þessari starfsemi má beita aðferðum sem mótast af framsýnu viðhorfi, enda sé lítið til tímabilsins fram til ársins 2010, og getur hún tekið til hvors tveggja, innri málefna Evrópu og stöðu Evrópu í heiminum.

Sú starfsemi, sem nýtur stuðnings innan ramma þessarar aðgerðar, felur í sér framkvæmd opinna samræmingar- aðferðar á sviði menntunar og starfsþjálfunar, einkum með jafningjarýni, með því að miðla góðum starfsvenjum, skiptast á upplýsingum, koma á visbendum og setja viðmiðanir.

Starfsemin felur einkum í sér:

- stuðning við kannanir, eftirgrensulan og rannsóknir í tengslum við framkvæmd raunhæfra framtíðarmarkmiða,
- fundi sérfræðinga, málstofur, ráðstefnur og námsferðir sem stuðla að framkvæmd itarlegrar vinnuáætlunar um markmiðin,
- undirbúning og framkvæmd upplýsinga- og útgáfustarfs, sem miðar að vitundarvakningu meðal aðila sem starfa á sviði menntunar og starfsþjálfunar, þar á meðal sú starfsemi sem ætluð er til að koma á framfæri aðgerða-áætlunum Evrópusambandsins á þessum sviðum og að gera menntunar og starfsþjálfunarkerfi Evrópu vandaðri, aðgengilegri öllum og opnari gagnvart umheiminum,
- ýmiss konar starfsemi sem styður aðgerðir Bandalagsins með því að virkja til þátttöku aðila hins borgaralega samfélags, sem starfa á sviði menntunar og starfsþjálfunar, á innlendum eða Evrópskum vettvangi.

(¹) Sundurlíðuð vinnuáætlun um eftirfylgd markmiða menntunar og starfsþjálfunarkerfa í Evrópu (Stjtið. EB C 142, 14.6.2002, bls. 1).

Þessi aðgerð verður framkvæmd með því að veita styrki að undangengnu vali milli tillagna sem lagðar hafa verið fram eftir birtingu auglýsinga, einnar eða fleiri.

Veita má styrki stofnunum með aðsetur í einhverju aðildarríki Evrópusambandsins, í löndum á Evrópska efnahags-svæðinu eða í umsóknarlöndunum. Að því er varðar starfsemi sem beinist að þriðja markmiðinu (að opna mennta- og starfsþjálfunarkerfi gagnvart umheiminum) er heimilt, í sérstökum undantekningartilvikum, að veita stofnunum í öðrum þriðju löndum styrki.

Styrkur Bandalagsins verður að jafnaði ekki hærri en sem nemur 75% af styrkhæfum kostnaði vegna valinna tillagna.

Þeir fjármunir sem fara til aðgerðar 3B skulu nema í mesta lagi 14% en minnst 9% af heildarfjárveitingu til þessarar áætlunar.

Aðgerð 3C: Stuðningur við þjálfun innlendra dómara í Evrópurétti

Veita má styrki innan ramma þessarar aðgerðar áætlunarinnar til verkefna á vegum samtaka sem sinna samvinnu milli dómstóla og til annarra aðgerða sem hafa það að markmiði að stuðla að starfsþjálfun á sviði Evrópuréttar, einkum fyrir innlenda dómara.

Starfsemi, sem nýtur stuðnings þessarar aðgerðar, getur farið fram í aðildarríkjunum, í löndum á Evrópska efnahags-svæðinu eða í umsóknarlöndunum.

Styrkir innan ramma þessarar aðgerðar verða veittir að undangengnu vali milli tillagna sem lagðar hafa verið fram eftir birtingu auglýsinga, einnar eða fleiri. Styrkur Bandalagsins verður að jafnaði ekki hærri en sem nemur 75% af styrkhæfum kostnaði við starfsemina, sem tilgreindur er í samþykktri vinnuáætlun.

Þeir fjármunir sem veittir eru innan ramma aðgerðar 3C skulu nema í mesta lagi 4% af heildarfjárveitingu til þessarar áætlunar.

3. GAGNSÆI

Styrkþegi, sem veittur er styrkur innan ramma einhvers hluta áætlunarinnar, skal tilgreina á áberandi stað, svo sem vefsetri eða í ársskýrslu að hann hafi fengið fjárframlög af fjárlögum Evrópusambandsins.

4. VIÐMIÐANIR VEGNA MATS Á UMSÓKNUM UM FJÁRMÖGNUN

Umsóknir um fjárstuðning, sem lagðar eru fram eftir að auglýst hefur verið eftir tillögum, verða metnar út frá eftirtöldum viðmiðunum:

- mikilvægi með tilliti til markmiða áætlunarinnar og þeirrar sértæku aðgerðar sem um er að ræða,
- mikilvægi með tilliti til hvers kyns forgangsríða eða annarra viðmiðana sem settar eru fram í auglýsingu eftir tillögum,
- gæði tillögunnar,
- líkleg áhrif tillögunnar á menntun og/eða starfsþjálfun í Evrópu.

5. STYRKHÆFUR KOSTNAÐUR

Framkvæmdastjórninni er heimilt, við ákvörðun á fjárhæð styrksins, að nýta sér þá fjármögnunarleið að leggja á fastagjald á grundvelli birtrar gjaldskrár yfir einingaverð.

Fyrir styrki sem veittir eru árið 2004 er mögulegt að tímabilið, sem kostnaður á rétt á sér, hefjist 1. janúar 2004 að því tilskildu að kostnaðurinn falli ekki til fyrir dagsetninguna sem styrkumsóknin var lögð fram eða dagsetninguna sem fjárhagsár styrkþegans hefst.

Á árinu 2004, ef um er að ræða styrkþega þar sem fjárhagsárið hefst fyrir 1. mars, er heimilt að veita undanþágu frá skyldunni um að undirrita styrksamninginn innan fjögurra mánaða frá því að fjárhagsár styrkþegans hefst eins og um getur í 2. mgr. 112. gr. í fjárhagsreglugerðinni. Í því tilviki skal undirrita styrksamninginn eigi síðar en 30. júní 2004.

6. STJÓRNUN ÁÆTLUNARINNAR

Á grundvelli kostnaðar- og ábatagreiningar er framkvæmdastjórninni heimilt að fela framkvæmdastofnun öll eða hluta þeirra verka sem lúta að stjórnun áætlunarinnar, í samræmi við 55. gr. fjárhagsreglugerðarinnar. Hún getur einnig leitað til sérfræðinga og stofnað til annarra útgjalda vegna tækni- og stjórnunaraðstoðar, án íhlutunar opinberra aðila, innan ramma einstakra þjónustusamninga. Hún getur einnig fjármagnað rannsóknir og skipulagt fundi sérfræðinga sem líklegt er að auðveldi framkvæmd áætlunarinnar og hrundið af stað viðeigandi aðgerðum á sviði upplýsinga-, útgáfu- og dreifingarmála sem tengjast því með beinum hætti að markmið áætlunarinnar náist.

7. EFTIRLIT OG ENDURSKOÐUN

- 7.1. Þeir sem þegið hafa rekstrarstyrk skulu hafa öll fylgiskjöl tiltæk fyrir framkvæmdastjórnina, þ.m.t. endurskoðuð reikningsskil að því er varðar útgjöld sem stofnað var til á styrkárinu, í fimm ár frá síðustu greiðslu. Styrkþegar skulu tryggja, eftir því sem við á, að framkvæmdastjórnin hafi aðgang að fylgiskjölum, sem samstarfs- eða félagsaðilar hafa undir höndum.
- 7.2. Framkvæmdastjórninni er heimilt að láta fara fram endurskoðun á notkun styrksins sem starfsfólk hennar eða annar viðurkenndur utanaðkomandi aðili, sem hún velur, annast. Slíka endurskoðun er heimilt að láta fara fram allan samningstímann og í fimm ár eftir að síðasta greiðsla var innt af hendi. Eftir því sem við á geta niðurstöður endurskoðunarinnar leitt til ákvörðunar, um að framkvæmdastjórnin krefjist endurgreiðslu.
- 7.3. Starfsfólk framkvæmdastjórnarinnar og utanaðkomandi starfslíð skal hafa viðeigandi aðgangsheimildir, í umboði framkvæmdastjórnarinnar, einkum að skrifstofum styrkþegans og að öllum upplýsingum, þ.m.t. upplýsingum á rafrænu formi sem nauðsynlegar eru til að annast slíka endurskoðun.
- 7.4. Endurskoðunarrétturinn og Evrópuskrifstofan um aðgerðir gegn svikum (OLAF) skulu njóta sömu réttinda, einkum er varðar aðgang, og framkvæmdastjórnin.
- 7.5. Til að vernda fjárhagslega hagsmuni Evrópubandalaganna gegn svikum og öðrum frávikum er framkvæmdastjórninni heimilt að framkvæma vettvangsskoðanir og athuganir samkvæmt þessari áætlun í samræmi við reglugerð ráðsins (EB, KBE) nr. 2185/96⁽¹⁾. Ef nauðsynlegt er skal Evrópuskrifstofan um aðgerðir gegn svikum (OLAF) framkvæma rannsóknirnar í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1073/1999⁽²⁾.

⁽¹⁾ Stjtið. EB L 292, 15.11.1996, bls. 2.

⁽²⁾ Stjtið. EB L 136, 31.5.1999, bls. 1.